

Framboð til kirkjubings

Guðmundur Jóhann Jónsson

2. kjördæmi

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Ég er fæddur á Sólvangi í Hafnarfirði árið 1959. Fyrstu fjögur árin bjuggu foreldrar mínir með okkur börnin tvö í kjallaraífbúð hjá föðurföreltrum í vesturbæ Reykjavíkur. Foreldrar mínir reistu fjölskyldunni hús í Kópavogi og þangað fluttum við síðla árs 1963. Ég hef búið í Kópavogi síðan, flust tvisvar á milli húsa innan bæjarins en við hjónin búum núna á Kársnesinu. Við Þórhildur Hrönn konan mín sem er frá Ingólfsfirði á Ströndum tókum saman árið 1976, við eigum tvö börn og sex barnabörn sem öll búa í Kópavogi.



Eftir að hafa klárað gagnfræðaskóla fór ég í Verslunarskóla Íslands og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1981. Eftir ársnámshlé fluttum við hjónin árið 1982 til Seattle í Bandaríkjunum þar sem ég hóf nám. Á þessum tíma vorum við orðin foreldrar en við eignuðumst okkar fyrra barn ung að árum. Námsárin í Seattle voru góð en ég lauk BA prófi í viðskiptafræði frá Seattle University árið 1985. Árið 1999 losuðum við hjónin um ræturnar en þá fékk ég ársleyfi frá störfum og fór í nám við Edinborgarháskóla. Lauk þaðan MBA prófi árið 2000. Krefjandi nám en dásamlegt að búa í Edinborg. Svo ég geri námsferilinn upp, þá fór ég í ákaflega skemmtilegt nám við IESE háskólann í Barcelona árið 2021 og tók þar AMP gráðu.

Í námshléinu, eftir stúdentspróf árið 1981 fékk ég starf hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Mál þróuðust þannig að ég starfaði þar í sumarleyfum á meðan á háskólanámi stóð. Eftir að námi lauk hóf ég störf hjá félaginu og starfaði þar í ýmsum stjórnendahlutverkum fram á haustið 2004. Þá ákvað ég að segja það gott á þeim stað en stóð ekki lengi utan tryggingageirans því árið 2006 var leitað til mín að taka við forstjórastöðu hjá Verði tryggingum. Þar starfaði ég með frábærum hópi starfsfólks og stjórnenda, við uppbyggingu á félaginu þar til ég ákveð að kveðja það góða fyrirtæki árið 2023. Síðan þá hef ég verið sjálfstætt starfandi, í verkefnavinnu og öðru.

Samhliða störfum mínum í váttryggingum sat ég í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja í óskyldri starfsemi. Það var ákaflega lærdómsríkt og gaf innsýn í aðra geira atvinnulífsins. Þá sat ég í stjórn Viðskiptaráðs í þau átta ár sem þar má sitja samfleytt.

Ég hef gaman af því að vinna með fólki að uppbyggingu og góðum málefnum, en ég hef alla tíð verið virkur í ólaunuðum félagsstörfum.

Ég hef í tæpan einn og hálfan áratug setið í sóknarnefnd Kársnessóknar, lengst af sem formaður. Á þeim tíma höfum við tekist á við mörg krefjandi verkefni en það stærsta var að bjarga steindum gluggum Gerðar Helgadóttur frá eyðileggingu sem í stefndi ef ekkert hefði verið að gert. Önnur krefjandi verkefni höfum við tekist á við í gegnum árin en þau lutu flest hver að krefjandi viðhaldi og endurbótum á kirkju og safnaðarheimili. Slíkum verkefnum tengist auðvitað fjármögnun sem er alltaf áskorun. Í dag eru stærstu viðhalds- og endurbótaverkefnin að baki og áherslan hefur því verið sett á enn frekari eflingu safnaðarstarfsins.

Áherslur mínar nái ég kjöri tengjast sérstaklega starfi safnaða og þjónustu við nærumhverfið. Við þekkjum það öll að fjármagn er að skornum skammti innan þjóðkirkjunnar. Þá eru sóknarnefndir mjög misjafnlega samansettar hvað varðar þekkingu á verklegum framkvæmdum en þær eru oft ansi fyrirferðarmiklar hjá sóknunum. Þó að samstarf og stuðningur frá Biskupsstofu sé jafnan góður held ég að tækifæri sé til staðar til að efla og auka enn frekar stuðning við sóknirnar. Það yrði t.d. mikil hjálp í því ef aukið yrði við þann góða mannauð sem þegar starfar á Biskupsstofu ef innanbúðar væri sérþekking á viðhaldi bygginga. Athugum að þjóðkirkjan er umsvifamikil þegar kemur að fasteignaumsjón og er í raun með stærstu fasteignafélögum landsins ef út í það er farið. Það myndi klárlega létta á sóknnum að geta í það minnsta haft það sem sína fyrstu viðkomu að leita ráða hjá byggingaverkfræðingi innan eigin raða. Það myndi spara fjármagn og tryggja markvissara framhald þegar ákvarðanir eru teknar um útboð eða aðkeypta þjónustu innan sóknanna.

Þá væri hægt að fara í útboð með sambærilegum hætti og hjá hinu opinbera um ýmsa fyrirferðarmikla þætti í rekstri sókna. Sóknirnar gætu nýtt sér þau kjör sem í boði eru kjósi þær það. Ég er alls ekki með í huga að draga úr sjálfstæði sókna landsins eða auka miðstýringu en frekar með í huga að nýta þá fjármuni sem til staðar eru enn betur og auðvelda sóknarnefndarfólki störf sín. Gleymum ekki að seta í sóknarnefndum er sjálfboðaliðastarf og allur miðlægur stuðningur auðveldar sóknarnefndarfólki störf sín sem að öllum líkindum leiðir af sér lengri setu í sóknarnefndum sem er auðvitað mikill kostur.

Ég sat í mörg ár í jöfnunarsjóði með góðu fólki, þeim Gísla Jónassyni fyrrum prófasti og Valgerði Sverrisdóttur fyrrum þingmanni og ráðherra. Þar kynntist ég brýnni þörf sókna fyrir fjármagn til endurbóta á kirkjum og safnaðarheimilum landsins. Til lengri tíma held ég að þörf sé á stefnumótum um viðhald kirkna. Munum við í náinni framtíð hafa fjármagn til að halda öllum kirkjum landsins við svo sómi sé að? Vonandi en því miður efast ég því saga liðinna ára og samskipti við hið ríkisvaldið eykur ekki tiltrú, en við eigum auðvitað alltaf að bera von í hjarta og vera bjartsýn á komandi tíma.

Samantekið tel ég að viðtæk reynsla og þekking mín af rekstri ásamt því að hafa starfað í sóknarnefnd og í jöfnunarsjóði geti komið að góðu gagni á kirkjuþingi sem fer með fjárstjórnarvald þjóðkirkjunnar.